

sækja þing og krafizt ómaksbóta, kr. 4.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. apríl 1969.

Nr. 174/1968. **Fjöliðjan h/f**
 gegn
Jónasi Arnórssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Fjöliðjan h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hún stefnda, Jónasi Arnórssyni, sem látið hefur sækja þing og krafizt ómaksbóta, kr. 4.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. apríl 1969.

Nr. 17/1969. **Ákærvaldið**
 (Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
 gegn
Bergþóri Bergþórssyni
 (Gústaf Ólafsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Þór Vilhjálmsson.

Brot gegn áfengislögum og tolllögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst

4 vikur frá birtingu dóms þessa. Brot ákærða þykir einnig varða við 17. gr. áfengislaga nr. 58/1954, sbr. 118. gr. laga nr. 82/1961.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Bergþór Bergþórsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, Gústafs Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. ágúst 1968.

Ár 1968, föstudaginn 30. ágúst, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinsyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 443/1968: Ákæruvaldið gegn Bergþóri Bergþórssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 29. marz 1968, höfðað á hendur Bergþóri Bergþórssyni leigubifreiðarstjóra, Laugavegi 51, Reykjavík, fæddum 23. júlí 1940 í Reykjavík, fyrir að hafa sunnudaginn 10. marz 1968 selt Guðmundi Guðmundssyni, Steinskoti, Eyrarbakka, einn fleyg af Long John whisky í bifreiðinni R 19717, sem ákærði ekur til mannflutninga, á mótum Hverfisgötu og Frakkastígs í Reykjavík og fyrir að hafa haft meðferðis í bifreiðinni í umrætt sinn eina flösku af Hulstkamp genever (ótollafgreidda) og geymdar á heimili sínu eina flösku af aquavitae, eina flösku af whisky og eina flösku af genever, sem ákærði þykir hafa ætlað til sölu, en áfengið fundu lögreglumenn við leit í bifreiðinni R 19717 og á heimili ákærða í beinu framhaldi af framangreindri áfengissölu ákærða.

Telst þetta varða við 1. mgr. 6. gr., 18. gr. og 4. mgr., sbr. 3.

mgr. 19. gr., sbr. 1. mgr. 35. gr., 39. gr. og 2. mgr. 42. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 2. mgr. 39. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 68/1956.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttindum leigubifreiðarstjóra og atvinnuleyfi samkvæmt 5. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 2. mgr. 42. gr. áfengislaga, til upptöku á framangreindu áfengismagni samkvæmt síðasttalda ákvæði áfengislaga og 4. mgr. 38. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit og til greiðslu alls sakar-kostnaðar.

Sakavottorð ákærða hljóðar svo:

- 1958 3/6 í Reykjavík: Sátt, 350 kr. sekt fyrir brot á 26. gr. bifreiðalaga.
- 1960 20/1 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir umferðarlaga-brot og ökuhraða.
- 1961 6/11 í Reykjavík: Sátt, 2.500 kr. sekt fyrir áfengissölu.
- 1962 31/10 í Hafnarfirði: Sátt, 50 kr. sekt fyrir rangstöðu bifreiðar.
- 1963 4/11 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1963 10/12 í Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir umferðarslys.
- 1963 16/12 í Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.
- 1964 21/5 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald, sviptur ökuleyfi í 1 ár fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum. (Dómsbirting 21/1 '65).
- 1964 21/9 í Reykjavík: Sátt, 4.200 kr. sekt fyrir áfengislagabrot.
- 1965 3/6 í Reykjavík: Sátt, 1.100 kr. sekt fyrir rangstöðu bifreiðar.
- 1965 30/9 í Reykjavík: Dómur: 5.000 kr. sekt fyrir brot á 16., 18., 19., 39., 41. og 42. gr. áfengislaga. Sviptur öku- og leigubifreiðarstjóraréttindum og atvinnuleyfi í 3 mánuði frá 21. 1. 1966.
- 1966 2/9 á Akureyri: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 7. gr. lögreglusamþykktar.
- 1967 2/10 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 48. gr. umferðarlaga.
- 1967 26/10 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 10. marz 1968, klukkan um 1500, urðu tveir lög-reglumenn, sem voru við eftirlitsstörf, varir við, að ákærði ók

leigubifreiðinni R 19717 af bifreiðastæði Borgarbílastöðvarinnar, og var farþegi í bifreiðinni. Kváðust lögreglumennirnir hafa haft vitneskju um, að ákærði hefði fengizt við ólöglega áfengissölu, og því veitt bifreiðinni eftirför. Ákærði ók að gatnamótum Frakkastígs og Hverfisgötu, þar sem farþeginn sté út úr bifreiðinni, en henni var ekið áfram. Litlu síðar kom bifreiðin aftur að gatnamótunum, og fór farþeginn þá inn í framsæti hennar, og „virtist okkur eins og einhver viðskipti færu þar fram“, svo sem segir í skýrslu lögreglu. Því næst var bifreiðinni ekið af stað austur Hverfisgötu, en lögreglumennirnir stöðvuðu brátt akstur hennar. Farþeginn reyndist vera með í fórum sínum óátekinn whiskyfleyg. Við leit í bifreiðinni fannst ein flaska af Hulstkamp genever, sem var ekki merkt Á.T.V.R. Kvaðst ákærði vera eigandi flöskunnar og „hafa keypt hana af ókunnum manni“. Loks var áfengiskönnun gerð á heimili ákærða, og fundust þar þrjár áfengisflöskur, sem merktar voru Á. T. V. R.

Vitnið Gylfi Jónsson lögreglumaður, Hraunbæ 24 hér í borg, kvað ákærða hafa ekið farþega að gatnamótum Hverfisgötu og Frakkastígs, horfið þaðan af vettvangi smástund, en farþeginn, sem verið hefði undir áhrifum áfengis, beðið á meðan. Eftir að ákærði kom aftur, og farþeginn var settur upp í bifreiðina, virtist vitninu einhver viðskipti fara fram þeirra á milli án þess þó beinlínis að sjá afhendingu áfengis. Ákærði ók af stað, en þeir lögreglumennirnir stöðvuðu hann mjög fljótlega. Var farþeginn þá með óátekinn whiskyfleyg í fórum sínum. Við leit í bifreiðinni fannst ein heilflaska af genever, óátekin, og ekki merkt Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

Vitninu Þorláki Runólfssyni lögreglumanni, Langagerði 50 hér í borg, virtist einhver viðskipti eiga sér stað í bifreið ákærða við gatnamót Hverfisgötu og Frakkastígs, en sá ekki beinlínis skipti á peningum eða áfengi fram fara. Farþeginn í bifreið ákærða var með einn whiskyfleyg í vörzlum sínum. Vitnið sagði ákærða hafa verið með eina geneverflösku, óátekna, í bifreiðinni, sem ekki var merkt Á. T. V. R.

Vitnið Guðmundur Guðmundsson verkamaður, Steinskoti, Eyrarbakka, Árnessýslu, kvaðst hafa tekið leigubifreið frá Borgarbílastöðinni og beðið ökumann að selja sér áfengi. Ökumaður játti því, ók vitninu að gatnamótum Hverfisgötu og Frakkastígs, skildi það þar eftir nokkra stund, en kom síðan aftur á bifreiðinni. Vitnið settist í framsætið og keypti þá af ákærða einn whiskyfleyg og galt fyrir hann krónur 425.00. Ákærði ók síðan

af stað austur Hverfisgötu, en var brátt stöðvaður af lögreglu. Vitnið kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis greint sinn, en þó ekki mikið, og sagðist muna vel til málsatvika.

Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði ekið vitninu Guðmundi Guðmundssyni, sem honum virtist vera undir áhrifum áfengis, að gatnamótum Hverfisgötu og Frakkastígs, beðið vitnið um að hinkra þar við, á meðan hann færi heim til sín og næði í geneverflösku, en ákærði hugðist hætta akstri og fá sér glas hjá systur sinni. Sótti ákærði áfengisflöskuna, tók vitnið aftur upp í bifreiðina, en er hann hafði skammt ekið, stöðvaði lögreglan akstur hans. Ákærði neitaði alfarið að hafa selt vitninu Guðmundi áfengi, en sagði rétt vera, að í bifreið hans hefði verið ein flaska af genever, sem hann hefði tekið upp í ökugjald nokkru fyrr og ætlað til eigin nota, svo sem fyrr er rakið.

Gegn neitun ákærða og þegar til þess er litið, að lögreglumennirnir Gylfi Jónsson og Þorlákur Runólfsson sjá ekki vörzluskipti á áfengi fara fram, svo og með hliðsjón af því, að vitnið Guðmundur Guðmundsson var undir áhrifum áfengis, þykir varhugavert að telja nægilega sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um ólöglega áfengissölu greint sinn, og verður hann því sýknaður af því ákæruatriði svo og kröfu um sviptingu réttinda leigubifreiðarstjóra, atvinnuleysis og ökuréttinda. Þá verður geymsla ákærða í húsakynnum sínum á þrem flöskum áfengis, sem allar báru merki Á.T.V.R. ekki talin refsiverð, og krafa um upptöku á flöskum þessum ekki tekin til greina. Hins vegar þykir ákærði ekki í skilningi 4., sbr. 3. mgr. 19. gr. áfengislaga nr. 58/1954 hafa gert næga grein fyrir geneverflösku þeirri, sem í bifreið hans fannst og ekki bar merki Á. T. V. R., og verður flaska þessi gerð upptæk til handa ríkissjóði.

Refsing ákærða samkvæmt 2. mgr. 42. gr. áfengislaga og 2. mgr. 39. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 68/1956 þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 5.000 kr. sekt til Menningarsjóðs, en vararefsing varðhald 5 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Bergþór Bergþórsson, greiði 5.000.00 króna sekt til Menningarsjóðs, en sæti varðhaldi í 5 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ein flaska af Hulstkamp genever, sem málinu fylgir, skal upptæk til handa ríkissjóði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. apríl 1969.

Nr. 21/1969. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Sigurði Marteini Eyjólfssyni

(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Þór Vilhjálmsson.

Brot gegn áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Ekki verður talið, að ákærði hafi leitt að því sterkar líkur, að þær tvær flöskur af áfengi, sem fundust við leit í bifreiðinni R 9108 L aðfaranótt laugardagsins 9. marz 1968, hafi ekki verið ætlaðar til sölu. Samkvæmt sönnunarreglum 4. mgr. 19. gr. laga nr. 58/1954 eru því eigi skilyrði til að sýkna ákærða. Með skirskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.